

Erindisbréf

Starfshópur um samræmingu stefnumörkunar á sviði umhverfismála

Hlutverk:

Starfshópurinn hefur það hlutverk að fara yfir stefnur Hafnarfjarðarbæjar vegna umhverfismála og gera eina heildstæða stefnu fyrir Hafnarfjarðarbæ.

Meginverkefni hópsins er að setja sveitarfélaginu heildstæða stefnu með eftirfarandi markmið:

- Umhverfis- og auðlindastefna verði stefna bæjarins á sviði umhverfis- og auðlindamála og aðrar stefnur bæjarins á sviði umhverfismáli tengist inn í þá stefnu
- Tengja gildandi stefnur og samþykktir svo sem; Trjáræktarstefnu, hjóltreiddastefnu, loftslagsstefnu, Samþykkt um meðhöndlun úrgangs og fleiri við umhverfis- og auðlindastefnu.

Starfshópurinn skal hefja störf þá þegar eftir að umhverfis- og framkvæmdarráð hefur skipað í hópinn og starfar hann í umboði ráðsins. Vinna með hliðsjón af meginverkefnum hópsins skal kynnt fyrir umhverfis- og framkvæmdarráði eigi síðar en fyrir mars 2027 og lýkur starfshópurinn þar með störfum.

Skipulag:

Greitt verður fyrir fundarsetu skv. reglum bæjarfélagsins þar að lútandi. Skrá skal í fundargerðir öll þau atriði sem skipta kunna máli í tengslum við störf hópsins.

Fundir hópsins eru haldnir eftir þörfum en formaður skal boða til fundar hverju sinni. Formaður skal jafnframt stýra skiptingum verkefna á milli fulltrúa í hópnum og koma fyrir umhverfis- og framkvæmdaráð til kynningar á störfum.

Skipaðir eru 3 kjörnir fulltrúar í framkvæmdahópinn:

2 fulltrúar frá meirihluta og þar af formaður starfshópsins.

1 fulltrúi frá minnihluta

Með hópnum starfa:

Guðmundur Elíasson, Ragna Halldórsdóttir og Berglind Guðmundsdóttir

Mögulegt er að boða aðra starfsmenn eftir þörfum til verkefna framkvæmdahópsins.

„Í starfi sínu skal hópurinn hafa til hliðsjónar jafnréttis- og mannréttindastefnu Hafnarfjarðarbæjar sem hefur það að markmiði að virða mannréttindi. Kynja- og jafnréttissjónarmið skal samþætt allri starfsemi bæjarins og jafnrétti meðvitað haft í huga við alla stefnumótun og ákvarðanatöku.“

Samþykkt í umhverfis- og framkvæmdaráði hinn 16. september 2026.